

Amenni lífeyrissjóðurinn


leiðbeiningar til að gefa umboð fyrir launafulltrúa

Prókúruhafar geta veitt einstaklingum umboð til að sýsla með málefni lögaðila inni á launagreiðendavef Almenna lífeyrissjóðsins

Til að gera það þá fer prókúruhafi á vefslóðina:

<https://login.signet.is/Home/Form/8>

og skráir sig þar inn með rafrænum skilríkjum.



Eftir innskráningu birtist valmynd þar sem má gefa einstaklingum aðgang að vef Almenna lífeyrissjóðsins fyrir hönd lögaðila.

Félag

Í reitnum félag birtist listi yfir þau félög sem sá sem er innskráður er með prókúru fyrir. Velja skal úr listanum það félag sem gefa á umboð fyrir.

Umboðshafi

Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang að vef Almenna lífeyrissjóðsins inn í reitinn **“Umboðshafi”**

Fyrir hönd

Kerfið skráir sjálfkrafa inn í reitinn **“Fyrir hönd”** kennitölu þess félags, sem er valið í **“Félag”**

Gildir til

Settu inn í svæðið **„Gildir til“** dagsetningu fyrir hve lengi starfsmaðurinn á að hafa aðgang að vefsíðunni, t.d. dagsetningu 2 árum frá deginum í dag.

Vista form:

Eftir að búið er að fylla inn upplýsingar um Félag, Umboðshafa, Fyrir hönd og Gildir til er smellt á hnappinn Vista form.

Dæmi um útfyllt form

Launafulltrúi

Umboð fyrir Almenna lífeyrissjóðinn

Félag:

Advania Ísland ehf.

Veldu lögaðila

Umboðshafi

0101307789

Gervimaður útlönd

Fyrir hönd

5902697199 - Advania Ísl

Gildir til

31.07.2028

Kennitala þess sem á að fá aðgang

Vista form

Veldu hve lengi umboðið á að gilda

Eftir að ýtt hefur verið á „Vista form“ birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna

Staðfestið umboð

Móttakandi: 0101307789 Gervimaður útlönd
Fyrir hönd: 5902697199 - Advania Ísland ehf.
Gildir til: 31.07.2028

Hætta við Staðfesta

Þegar ýtt er á staðfesta fer af stað vinnsla þar sem umboðið er myndað og umboðsskjal innsiglað.

Umboð fyllt út

Vinsamlegast hinkrið

Pegar umboðið hefur verið myndað birtist mynd sem staðfestir umboðið. Ef veita á fleiri einstaklingum umboð er smellt á „Veita annað umboð“.

Upplýsingar um umboð

Umboðsveitandi: 0101012999 Gervill Gervimanneskja

Umboð fyrir: 5902697199 : Advania Ísland ehf.

Umboðshafi: 0101307789 : Gervimaður útlönd


Stofnað: 20.8.2024 20:57:46

Umboð er tilbúið


[Heim](#)[Veita annað umboð](#)[Sækja](#)

Innskráning á vef Almenna lífeyrissjóðsins

Peir sem hafa aðgang að launagreiðendavef Almenna lífeyrissjóðnum geta skráð sig inn á vefinn á <https://www.almenni.is> með því að smella á hengilásinn efst til hægri á forsíðunni og velja Launagreiðendavef eða velja Launagreiðendavef undir Launagreiðendur.




Þá er notandinn sendur á valmynd, þar sem hann auðkennir sig með rafrænum skilríkjum



Að auðkenningu lokinni birtist listi yfir þau umboð sem notandinn hefur. Notandinn merkir við línu þess fyrirtækis sem viðkomandi vill skrá sig inn í umboði fyrir. Að því loknu er smellt á "Áfram"

Ef valið er að skrá sig inn án umboðs, er notandinn skráður inn á eigin aðgangi í stað þess að fara inn á aðgangi þess aðila sem viðkomandi er með umboð fyrir.



Og þá birtist vefur Almenna lífeyrissjóðsins.